

Foreldrafélag Leikskólans í Stykkishólmi  
Fyrsti fundur vetrarins 2019-2020  
23. október 2019 kl. 20.00

Fundinn sátu: Elísabet Lára fyrir hönd leikskólans, Ingunn, gjaldkeri, Klaudia Sylwia, formaður, Ósk, Elva Rún og Anna Margrét, ritari

- Föstudaginn 1. nóvember mun Bernd Ogradnik koma í leikskólann með sýninguna Einar Áskell. Foreldrafélagið og leikskólinn munu skipta með sér kostnaðinum til helminga.
- Jólaföndur verður haldið fyrstu vikuna í desember kl. 15.00 á öllum deildum:
  - 2. des. Bakki
  - 3. des. Vík
  - 4. des. Nes
  - 5. des. Ás
- Ákveðið að mála jólakúlur ef kúlur finnast á hagstæðu verði. Klaudia tók að sér að ræða við Heiðrúnu í Bókaverzlun Breiðafjarðar um jólakúlur eða annað til föndurs. Hangandi jólaskraut úr timbri frá Ikea kemur til greina. Myndi útleggjast á 400 kr. á barn.
- Jólagjafir ræddar. Anna Margrét tók að sér að senda póst á Forlagið og óska eftir tilboði í bækur. Aðrar gjafir ræddar, s.s. jólasokkar og tannburstar með tímaglasi. Óskað eftir tilboði í endurskinsmerki frá A4.

Fundi slitið kl. 21.17